Sjálfbærniskýrsla 2025

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra 3
Orkan 4
Orkan í hnotskurn 5
Orkan í tölum 6
Stjórn Orkunnar 7
Framkvæmdastjórn 8
Skipurit 9
Dóttur- og hlutdeildarfélög 10
Löður 11
Orkan í leik og starfi 12
Framtíðarsýn í sjálfbærnimálum 13
Hagsmunaaðilar 15
Stefna 16
Gildin okkar 17
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna 18
Sjálfbærnivegferð síðustu ára 19
Sjálfbærnimat Reitunar 20
Umhverfi 21
Gámaverkefnin 23
Votlendissjóður 23
Hraðhleðslustöðvar 24
Mengunarvarnir 25
Rúðuvökvi á dælu 26
Gassjálfssalar 26
Fjölnota hanskinn 27
Rafrænir Orkulyklar 27
CO_2 kvittun 28
Lífdísel 28
Árangur 2025 29
Næstu skref 30
Félagsþættir 31
Viðskiptavinir 33
Vinnustaðamenning 34
Viðurkenningar 35
Heilbrigði og vellíðan 37
Öryggi á vinnustað 38
Nýtum Orkuna í góðu málin 39
Bleik allt árið 39
Orkumótið 39
Ærslabelgir 40
Orkuleikir 41
Sumarleikurinn - ferðavikur 41
30 ár af Orku - Lægsta verðið alls staðar 42
Árangur 2025 43
Áherslur 2026 44
Stjórnarhættir 45
Aðfangakeðjan 47
Áhættustýring og innra eftirlit 48
Helstu áhættuþættir 48
Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 49
Árangur 2025 50
Forgangsmál 2026 51
Um sjálfbærniskýrsluna 52
Sjálfbærniuppgjör 54



Ávarp forstjóra

Það er ánægjulegt að líta yfir árið sem er að líða og sjá hversu miklum árangri við höfum náð í starfsemi Orkunnar – bæði í þjónustu við viðskiptavini og í vegferð okkar að aukinni sjálfbærni. Árið einkenndist af metnaði, þróun og áframhaldandi skrefum inn í orkuskiptin, þar sem við leggjum sífellt meiri áherslu á lausnir sem draga úr umhverfisáhrifum og bæta þjónustu.

Vegferð Orkunnar í orkuskiptunum hélt áfram af fullum krafti. Á árinu opnuðum við sjö nýjar hraðhleðslustöðvar og eru stöðvar Orkunnar nú orðnar nítján talsins. Með þessu höfum við aukið aðgengi að hraðhleðsluþjónustu víðs vegar um landið og gert viðskiptavinum okkar auðveldara að sýna ábyrgð gagnvart umhverfinu í daglegum ferðum.

Við höfum einnig þróað aðra þjónustu okkar með jákvæðum hætti. Löðri hefur gengið vel á árinu, meðal annars vegna uppfærslu á búnaði og áframhaldandi fjölgunar tryggra viðskiptavina. Áskriftarkerfið hefur mælst afar vel fyrir og endurspeglar skýrt að viðskiptavinir kunna að meta einfaldar, hagkvæmar og umhverfisvænar lausnir.

Viðurkenningar ársins skipta máli. Árangur ársins endurspeglast einnig í viðurkenningum sem við hlutum. Orkan var hástökkvari í Ánægjuvoginni annað árið í röð og er það skýr staðfesting á því að viðskiptavinir okkar kunna að meta þjónustuna. Þá var það okkur sérstakt gleðiefni að starfsfólk Orkunnar og Löðurs hlaut viðurkenninguna Fyrirtæki ársins í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins. Árið 2025 hlaut Orkan einnig viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti í annað sinn, auk þess sem við vorum valin Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri annað árið í röð. Þá fengum við viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fjórða árið í röð.

Ein helsta forsenda þess að við náum þessum árangri er það frábæra starfsfólk sem starfar hjá Orkunni. Við erum rík af metnaðarfullu fólki sem býr yfir sterkri þjónustulund og löngun til að gera vel. Fyrir það erum við afar þakklát.

Á árinu stigum við einnig mikilvæg skref í umhverfismálum. Við höfum vegferðina að ISO 14001 umhverfisvottun sem eflir umhverfisstjórnun okkar og tryggir að við vinnum markvisst að stöðugum umbótum. Þá höfum við aukið stýringu á aðfangakeðjunni og lagt meiri áherslu á gagnsæi og ábyrgð í innkaupum. Við höfum einnig innleitt nýjungar sem gera sjálfbærni sýnilegri og nálægri daglegum ákvörðunum viðskiptavina, til dæmis með birtingu CO_2 fótspors á greiðslukvittunum. Að auki höfum við unnið að því að draga úr plastnotkun og stutt við aukna flokkun í samfélaginu með úrræðum á borð við garðaúrgangsgáma og umbúðagáma. Við höfum fjölgað staðsetningum fyrir núðuvökva á dælu sem eru nú orðnar níu. Gassjálfssalar okkar eru orðnir tíu talsins og þjónusta viðskiptavini með skrúfu- og smellugaskúta allan sólarhringinn.

Við tökum fagnandi á móti nýju ári með þennan árangur í farteskinu. Við ætlum að halda áfram að þróa þjónustu okkar og innviði með sjálfbærni að leiðarljósi – fyrir viðskiptavini okkar, starfsfólk og samfélagið allt.

Anna Daníelsdóttir

Orkan

Orkan í hnotskurn

Við erum fjölorkufélag sem hefur það hlutverk að þjónusta ökutæki á einfaldan og aðgengilegan hátt með snjallri og skilvirkri þjónustu. Á hverjum degi höfum við það markmið að veita bestu mögulegu þjónustuupplifunina á sjálfsafgreiðslustöðvum okkar.


Á meðan eftirspurn er eftir jarðefnaeldsneyti leggjum við áfram áherslu á að mæta þeirri þörf. Jafnframt er það skýr stefna Orkunnar að draga úr vægi jarðefnaeldsneytis í rekstri félagsins og vera leiðandi þátttakandi í orkuskiptum til framtíðar.

Löður er vörumerki undir kennitölu Orkunnar og hefur það markmið að bjóða upp á umhverfisvænni bílaþvott. Þar er markvisst unnið að því að lágmarka kolefnisspor rekstursins eftir fremsta megni.

Orkan rekur 75 fjölorkustöðvar um land allt og er eina fyrirtækið á Íslandi sem býður upp á alla fimm orkugjafana: bensín, dísel, rafmagn, metan og vetni. Frá stofnun vörumerkisins árið 1994 hefur verið lögð rík áhersla á virka samkeppni og hagstæð verð fyrir viðskiptavini. Afsláttarstöðvum okkar, sem bjóða lægsta verðið, hefur fjölgað og eru þær nú 13 talsins: átta á höfuðborgarsvæðinu, þrjár á Akureyri, ein í Borgarnesi og ein á Selfossi. Löður rekur 11 stöðvar víða um landið, á Fitjum, í Vestmanneyjum, á Akureyri og átta á höfuðborgarsvæðinu.

Við styðjum markvisst við málefni sem tengjast loftslagsmálum og verkefni sem stuðla að bættu samfélagi. Við viljum vera góður granni, taka virkan þátt í samfélaginu og styðja verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif. Þá leggjum við einnig áherslu á þátttöku í orkutengdri nýsköpun og að skapa ný og spennandi tækifæri í heimabyggð.

Í upphafi árs átti Orkan eignarhluti þar sem félagið fer með yfir 30% hlutafjár í eftirfarandi félögum: Öxl fasteignir (100%), Blær – íslenska vetnisfélagið (50%) og Straumlind (34%).



Orkan í tölum

23.7 ma.
tekjur

18.3 ma.
eignir

27% konur
73% karlar
Kynjahlutfall

37 meðalaldur

64 starfsfólk

59 stöðugildi

75 þjónustustöðvar

122 hraðhleðslutengi

2 vetnisstöðvar

1 metanstöð

11 þvottastöðvar

3.6m fjöldi afgreiðslna

46þ lítrar af rúðuvökva á dælu

73 kg af plasti sem sparast með rafrænum Orkulykli

Stjórn Orkunnar

SKEL fjárfestingafélag hf. var eini hluthafi Orkunnar í ársbyrjun en á árinu 2025 var eignarhald Orkunnar fært undir eignarhaldsfélagið Dranga hf.

Í stjórn Orkunnar eru þau Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður, Magnús Ingi Einarsson, Liv Bergþórsdóttir, Margrét Katrín Guðnadóttir og Garðar Newman. Í stjórn Orkunnar sitja því þrír karlar og tvær konur og félagið uppfyllir þannig ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar í einkahlutafélögum.

Á fyrri hluta ársins voru í stjórn Orkunnar Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason stjórnarformaður, Magnús Ingi Einarsson og Birna Einarsdóttir.

Fjallað er um stjórnarhætti í sérstakri stjórnarháttayfirlýsingu félagsins. Stjórn Orkunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á stefnumótun og eftirliti með rekstri þess. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem kveðið er á um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.



Framkvæmdastjórn

Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á daglegum rekstri félagsins gagnvart stjórn í samræmi við stefnu og ákvarðanir hluthafa og stjórnar. Hlutverk, ábyrgð og umboð forstjóra er nánar skilgreint í starfslýsingu.



Auður Daníelsdóttir

Auður Daníelsdóttir er fædd árið 1969. Hún var ráðin forstjóri Orkunnar í júlí 2022. Sem forstjóri heyrir hún beint undir stjórnina og ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart henni, þar með talið reikningsskilum, færslu bókhalds, samskiptum við banka, að afla nýrra viðskiptasambanda og viðhalda þeim sem fyrir eru, þróa vöru- og þjónustuframboð félagsins, þar sem áhersla er lögð á vöxt þess, auk alls annars sem varðar starfsemi félagsins.

Auður er með Cand.Oecon-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún lauk námi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands og AMP-stjórnendanámi frá IESE í Barcelona.



Hörður Ingi Þórbjörnsson

Hörður hefur starfað sem mannauðsstjóri Orkunnar frá 2021 ásamt því að sinna rekstri Löðurs. Í nóvember 2025 tók hann sæti í framkvæmdastjórn sem forstöðumaður rekstrar og mannauðs. Undir rekstrarsvið heyra allar þjónustustöðvar Orkunnar, samskipti við samstarfsfélaga Orkunnar um allt land og umsjón með framkvæmda- og viðhaldsdeild.

Hörður er með diplómu í markaðsfræði frá Niels Brock í Danmörku.



Inga Hrund Arnardóttir

Inga Hrund Arnardóttir er fædd árið 1979. Hún var ráðin fjármálastjóri Orkunnar í nóvember 2022. Í starfi sínu ber hún ábyrgð á gerð reikningsskila, mánaðar- og ársfjórðungsuppgjöra, áætlanagerð, fjárstýringu, daglegum rekstri og stjórnun fjármálasviðs.

Inga Hrund útskrifaðist með Cand.Oecon-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Guðmundur Ingi Þorsteinsson

Guðmundur Ingi Þorsteinsson er fæddur árið 1980. Hann var ráðinn framkvæmdastjóri sölu og þróunar hjá Orkunni í október 2023 eftir að hafa starfað sem forstöðumaður þróunar hjá Orkunni frá september 2022. Í starfi sínu ber hann ábyrgð á sölu- og þróunarmálum ásamt daglegum rekstri þessara eininga.

Guðmundur Ingi útskrifaðist með M.Sc.-gráðu í framleiðsluverkfræði frá KTH í Svíþjóð árið 2005.

Skipurit



Forstjóri
Auður Daníelsdóttir



Gæðamál
Ásdís Sigurðardóttir



Markaðs- og þjónustusvið
Brynja Guðjónsdóttir



Upplýsingatækni
Björn Erlingsson



Fjármálasvið
Inga Hrund Arnardóttir



Sölu- og þróunarsvið
Guðmundur Ingi Þorsteinsson




Rekstrarsvið
Hörður Ingi Þórbjörnsson

Lóður

Blær

STRAUMLIND

Dóttur- og hlutdeildarfélög



Uppbygging á vetnisstöðvum með Blæ 50%

Blær Íslenska vetnisfélagið rekur tvær vetnisstöðvar, á Vesturlandsvegi og Fitjum í Reykjanesbæ. Fyrsta vetnisstöðin á Íslandi var tekin í notkun árið 2003 og var hún jafnframt sú fyrsta í heiminum til að selja vetni á neytendamarkaði.

Blær stefnir að opnun nýrrar vetnisstöðvar árið 2027 sem markar mikilvægt skref í uppbyggingu vetnissamgangna á Íslandi. Sú stöð er hönnuð til að geta þjónustað bæði fólksbíla og vetnistrukka sem áætlað er að komi til landsins sama ár.

Framtíð vetnissamgangna er spennandi og þróunin hröð. Til samanburðar má nefna að einn vetnistrukkur getur dregið úr kolefnislosun sem nemur losun frá um 100–120 hefðbundnum fólksbílum, eftir aksturslagi og notkun.



Snjallara raforkukerfi með Straumlind 34%

Raforkusalinn og orkutæknifyrirtækið Straumlind hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum hagstætt verð, gera raforkukerfið snjallara og skapa samfélagslegan ávinning með betri nýtingu orkuinnviða. Til að ná því nýtir Straumlind eigin hugbúnað, gervigreind og sjálfvirkni og heldur yfirbyggingu í lágmarki.

Straumlind var fyrsti raforkusalinn á Íslandi til að bjóða tímamældum heimilum ódýrara rafmagn á nóttunni (2022) og öllum viðskiptavinum Fyrirfram greitt rafmagn (2026). Í dag leggur félagið aukna áherslu á fyrirtækjamarkað með hagræðingu, einföldun og betri nýtingu raforku að leiðarljósi.

Löður

Bílaþvottafyrirtækið Löður hefur verið starfandi frá árinu 2000 og er í eigu Orkunnar að fullu. Þvottastöðvarnar eru staðsettar á Akureyri, í Reykjanesbæ, í Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla er lögð á að þjónusta ökutæki með einföldum hætti og bjóða upp á umhverfisvænni bílaþvott. Stefnan er að geta boðið upp á umhverfisvænan þvott á stöðvum og vinna náið með framleiðendum við að finna bestu mögulegu lausnirnar hvað varðar þvottaefni fyrir íslenskar aðstæður.


Kappkostað er að minnka kolefnisspor fyrirtækisins eftir fremsta megni og leggjum við okkur fram við að gera bílaþvottastöðvarnar eins umhverfisvænar og hægt er. Þvottaplönum á bensínstöðvum fer hratt fækkandi á sama tíma og reglur um mengunarvarnir verða sífellt strangari.

Hrein snilld!

Á árinu opnuðum við þrjár nýjar stöðvar; tvær snertilausar stöðvar á Fiskislóð og svampburstastöð á Lambhagavegi í Reykjavík. XL stöðin á Einhellu tók breytingum og er nú snertilaus þvottastöð sem þjónustar bíla allt að 2,7 metra á hæð.

Samstarf okkar við styrktarátakið Mottumars á vegum Krabbameinsfélagsins heldur áfram sjötta árið í röð og veittum við þeim styrk upp á 1.8 milljónir króna í lok mars. Einnig hófum við samstarf við eldri borgara þar sem boðið var upp á aðstoð og kennslu við notkun svampburstastöðva á tilteknum tímum.

Áskrifendum í bílaþvott fjölgar og til að þjónusta viðskiptavini betur lengdum við opnunartíma svampburstastöðva. Áskriftarkerfið er unnið í samstarfi við Parka og er frábær leið fyrir þá sem vilja huga vel að bílnum sínum á einfaldan og fljótlegan máta og geta þá keyrt upp að hliðum við stöðvar þar sem myndavélar lesa bílnúmerið og veita aðgang.



Vernd grunnvatns er forgangsmál!

Olíu- og sandskiljur eru á öllum þvottastöðvum Löðurs til að tryggja að olía eða olíumengað vatn, sandur og önnur spilliefni berist ekki út í umhverfið. Úrgangurinn sem myndast í skiljunum er sogaður upp og honum fargað af viðurkenndum móttökuaðilum. Með því að þvo bílinn á bílaþvottastöð er því ekki verið að menga grunnvatnið. Ávinningurinn fyrir okkar viðskiptavini er umhverfisvænni bílaþvottur.

Orkan í leik og starfi



Framtíðarsýn í sjálfbærnimálum

Samkvæmt d-lið 66. gr. laga um ársreikninga veitir Orkan upplýsingar um stefnu, framkvæmd og áhættu tengda umhverfis- og félagslegum þáttum, mannréttindum og stjórnarháttum. Upplýsingagjöfin endurspeglar áherslur félagsins á ábyrgan rekstur og langtímaverðmætasköpun. Þá veitir Orkan upplýsingar í samræmi við Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy), eftir því sem við á, með það að markmiði að auka gagnsæi um hversu stór hluti starfsemi félagsins telst flokkunarhæfur og í samræmi við umhverfismarkmið reglugerðarinnar.

Á síðustu árum hefur Evrópusambandið unnið að innleiðingu tilskipunar um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) og tilheyrandi staðla (ESRS). Í desember 2025 náðu framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið og ráðherraráðið samkomulagi um svokallaðan Omnibus-pakka sem felur í sér einföldun og þrengingu á gildissviði tilskipunarinnar, meðal annars með það að markmiði að draga úr skýrslubyrði smærri fyrirtækja. Breytingarnar hafa áhrif á Orkuna og félagið fellur að svo stöddu ekki undir lagaskyldu ESRS-staðla.

Árið 2023 framkvæmdi Orkan tvöfalda mikilvægisgreiningu í samræmi við ESRS-viðmið og nýttist sú vinna til að skerpa áherslur í sjálfbærnimálum og forgangsraða umbótaverkefnum. Þótt félagið haldi ekki áfram formlegri innleiðingu ESRS-staðlanna byggir það áfram á þeirri greiningu og vinnur markvisst að umbótum á sviði umhverfis-, félags- og stjórnarhátta.

Orkan fylgist áfram náið með þróun regluverksins og leggur áherslu á að þróa sjálfbærnistarf sitt í takt við bestu venjur og væntingar hagsmunaaðila.



Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar Orkunnar eru þeir einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi félagsins og geta jafnframt haft áhrif á hana. Samskipti við hagsmunaaðila eru kortlögð og reglulega metin.

Ytri hagsmunaðilar eru meðal annars viðskiptavinir, umsjónaraðilar, leigutakar, birgjar, samstarfsaðilar, fjölmiðlar og eftirlitsaðilar. Innri hagaðilar eru eigendur, stjórn, starfsfólk Orkunnar og tengd félög.

Lögð er áhersla á opið og virkt samtal við hagsmunaaðila, að hlusta á sjónarmið þeirra og taka mið af þeim við mótun stefnu og við ákvarðanatöku. Með því tryggjum við að starfsemi félagsins sé í takt við væntingar og þarfir þeirra sem hún snertir.



Hagsmunaaðilar	Samskiptaáætlun
Eigendur Orkunnar	Hluthafafundir, stjórnarfundir, ytri vefur og fjölmiðlar.
Stjórn	Stjórnarfundir, ytri vefur Orkunnar og fjölmiðlar.
Starfsfólk Orkunnar	Gerð grein fyrir árangri á starfsmannafundum og fræðslufundum þegar tilefni gefst.
Tengd félög	Samskipti eftir þörfum.
Viðskiptavinir	Samskipti í gegnum vef og þjónustustýringu.
Samstarfsaðilar	Samskipti í gegnum vef og þjónustustýringu.
Fjölmiðlar	Fréttaflutningur.
Eftirlitsaðilar	Innri og ytri vefir, stjórnendafundir og regluleg samskipti. Vefur Alþingis. (Reglugerd.is)
Ýmsir hagsmunaaðilar og sveitarfélög	Samskipti í gegnum vef og þjónustustýringu, fréttaflutningur.
Hið opinbera	Reglulegir fundir og samskipti eftir þörfum.

Stefna

Ný sjálfbærnistefna var samþykkt í janúar 2025 og er aðgengileg á heimasíðu Orkunnar. Markmið stefnunnar er að skilgreina megináherslur félagsins í sjálfbærnimálum og leiðbeina starfsfólki og þeim sem koma fram undir merkjum félagsins um ábyrga og samræmda framkvæmd hennar. Ábyrgð á sjálfbærnimálum er í höndum framkvæmdastjórnar en gæðastjóri fer með verkefnastjórn málaflokksins og eftirfylgni aðgerða.

Með sjálfbærnistefnunni er leitast við að samþætta umhverfisþætti, félagsþætti og stjórnarhætti við daglega starfsemi, ákvarðanatöku og siðferðileg viðmið félagsins. Markmiðið er að skapa langtímaverðmæti og tryggja ávinning af rekstri félagsins fyrir hagsmunaaðila.

Við leggjum áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu á sjálfsafgreiðslustöðvum okkar. Ánægt starfsfólk er forsenda ánægðra viðskiptavina. Með skilvirkni, áreiðanleika og staðfestu að leiðarljósi höfum við byggt upp sterka innviði og trausta liðsheild þar sem þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á virkt samtal við viðskiptavini og nýtum endurgjöf þeirra til að þróa og bæta þjónustu okkar í takt við þarfir þeirra.

Gildin okkar



Við erum **ORKUMIKIL!**

Starfsmannahópur Orkunnar er orkumikill og metnaðarfullur. Við sýnum frumkvæði, hugrekki og áræðni í verkefnum og leggjum áherslu á að læra af reynslunni og þróa starfsemina stöðugt áfram.

Við störfum í hröðu og krefjandi umhverfi þar sem samstarfsfólk og viðskiptavinir gera kröfu um góða og snjalla þjónustu. Áhersla er lögð á virkt samtal við starfsfólk og viðskiptavini og er þátttaka starfsfólks lykilatriði í mótun og framkvæmd verkefna, allt frá stefnumótun og daglegum rekstri til innri viðburða.



Við erum **SNJÖLL!**

Við leggjum áherslu á að vera snjöll í ferlum, við val á verkefnum og framkvæmd þeirra. Það er okkur mikilvægt að hvert verkefni sem farið er í skili sér í bættu vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og viðskiptavini.

Við erum opin fyrir breytingum. Þróun og nýsköpun eru mikilvægir þættir í starfseminni og leitumst við stöðugt við að innleiða lausnir sem bæta flæði og skilvirkni, hvort sem um er að ræða innri eða ytri ferli.



Við erum **NÆS!**

Að vera næs er okkur hjartans mál, að starfsfólk sé næs hvert við annað og við viðskiptavini. Virðing og jákvæð samskipti eru grunnurinn að vinnustaðamenningu Orkunnar.

Við erum meðvituð um að ánægður starfsmannahópur skilar ánægðum viðskiptavinum. Við viljum að starfsfólk njóti sín í vinnunni og taki þátt í að byggja upp jákvæða vinnustaðamenningu. Markmið okkar er að bjóða bestu þjónustuupplifunina á sjálfsafgreiðslustöðvum og því er mikilvægt að upplifun viðskiptavina á stöðvum okkar sé jákvæð.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við höfum greint áhrif starfseminnar á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og valið fjögur þeirra sem forgangsmarkmið til áherslu og mælinga: markmið 3 um heilsu og vellíðan, markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 7 um sjálfbæra orku og markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt.

Jafnframt erum við meðvituð um að starfsemin hefur áhrif á fleiri heimsmarkmið og er tekið mið af þeim eftir því sem við á.



Markmið 3: Heilsa og vellíðan

Við leggjum áherslu á að stuðla að heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi og efla líkamlega og andlega vellíðan starfsfólks. Boðið er upp á reglulegar heilsufarsmælingar, bólusetningar og fræðslu um heilsutengd málefni með það að markmiði að fyrirbyggja heilsufarsvandamál og styðja við vellíðan.



Markmið 5: Jafnrétti kynjanna

Við leggjum áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri. Laun og starfskjör byggja á hæfni og frammistöðu án tillits til kyns, þjóðernis eða annarra ómálefnalegra þátta. Komið er fram við allt starfsfólk af virðingu og unnið markvisst að því að stuðla að fjölbreytileika og inngildingu á vinnustaðnum.



Markmið 7: Sjálfbær orka


Loftslagsbreytingar eru eitt stærsta viðfangsefni samtímans og taldar fela í sér brýnan samfélagslegan vanda. Við ætlum okkur að vera virkur þátttakandi í orkuskiptunum með því að auka framboð og aðgengi að fjölbreyttum orkugjöfum með lægra kolefnisspori og styðja við þróun innviða fyrir orkuskipti.



Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur

Við leggjum áherslu á sanngirni og gagnkvæman ávinning í samskiptum við birgja og samstarfsaðila. Félagið hefur sett sér siðareglur birgja sem leiðbeinandi viðmið um siðferðilega og samfélagslega ábyrgð í virðiskeðjunni. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilar deili þessum grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val og mat á samstarfsaðilum.

Sjálfbærnivegferð síðustu ára



Sjálfbærnimat Reitunar

Reitun framkvæmir sjálfbærniáhættumat fyrir innlendan markað þar sem sjálfbærnistaða rekstraraðila er metin út frá áhættu, stjórnun og árangri.

Reitun mat Orkuna fyrst árið 2023, þar sem félagið hlaut 54 af 100 stigum og einkunnina C1. Í mati fyrir árið 2024 hlaut Orkan 64 stig og einkunnina B3, sem jafngildir 10 stiga hækkun milli ára.

Í mati fyrir árið 2025 hlaut Orkan 69 stig og hélt einkunninni B3, sem er 5 stiga hækkun frá fyrra ári. Niðurstaðan endurspeglar áframhaldandi framfarir í umhverfis-, félags- og stjórnarháttum.

Orkan er 9 stigum yfir meðaltali markaðarins, en meðaltal félaga í matinu er 60 af 100 stigum



Umhverfi

Unnið er markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og fylgst með þróun og árangri aðgerða. Við viljum vera jákvætt afl í samfélaginu og leggjum okkar af mörkum með gámaverkefnum á völdum staðsetningum, fjölnota lausnum og auknu framboði endurnýjanlegra orkugjafa á borð við metan og vetni, svo dæmi séu nefnd.

Samfélagsmiðlar og fréttabréf eru gjarnan nýtt til að minna viðskiptavini á fjölnotalausnir eins og rúðuvökva á dælu. Einnig hvetjum við viðskiptavini til þess að nota rafræna Orkulykla en við vorum fyrsta félagið á okkar markaði til að bjóða upp á afsláttarlykla á rafrænu formi. Lausnin er einföld og þægileg og dregur úr plastnotkun þar sem lykillinn er í símanum og ekki þarf að búa til plastlykil.

Við leggjum áherslu á að vera virkur þátttakandi í orkuskiptum. Hraðhleðslustöðvum félagsins fjölgaði á árinu og eru þær nú 19 talsins. Umhverfisbókhald er birt í sjálfbærniskýrslunni og nýtum við umhverfisstjórnunarkerfi Klappa til þess að halda utan um gögnin. Gögnin ná yfir starfsemi Orkunnar en ekki starfsemi dótturfélaga.



Gámaverkefnin

Við höfum boðið viðskiptavinum að koma með garðaúrgang og jólaumbúðirnar í gáma á völdum stöðvum Orkunnar frá árinu 2021. Í ágústmánuði var viðskiptavinum boðið að koma og tæma garðaúrganginn á fimm stöðvum Orkunnar í samstarfi við HP gáma. Vel tókst til og söfnuðust 17 tonn af garðaúrgangi í gámana. Í ár var jafnframt í fyrsta sinn staðsettur garðaúrgangsgámur á Akureyri sem gekk mjög vel.

Viðskiptavinir okkar söfnuðu 3,8 tonnum í jólaumbúðagámana sem jafngildir 52% aukningu frá fyrra ári.

Við erum þakklát öllum þeim orkuboltum sem nýta orkuna til að flokka og endurvinna með okkur!



Votlendissjóður

Samstarfið við Votlendissjóð er okkur mikilvægt og hefur það staðið yfir frá árinu 2018. Votlendissjóður er sjálfseignarsjóður með það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis. Það er gert í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Með því að endurheimta votlendi er hægt að efla líffræðilega fjölbreytni og fuglalíf, stöðva losun koltvísýringsígilda og bæta vatnsbúskap í veiðiám. Viðskiptavinir sem kjósa að styrkja Votlendissjóð skrá Orkulykilinn sinn í átak Votlendissjóðs og ráðstafa þá 5 krónum af 12 króna afslætti til sjóðsins. Framlag viðskiptavina nýtist í verkefni sem styðja við endurheimt votlendis á Íslandi.

Starfsemi Votlendissjóðs er um þessar mundir í vottunarferli.

Hraðhleðslustöðvar

Við héldum áfram af krafti í vegferð okkar inn í orkuskiptin og var markmiðið fyrir árið 2025 að halda áfram uppbyggingu hraðhleðslunetsins. Á árinu 2025 opnuðum við átta nýjar hraðhleðslustöðvar og bættum samtals við 37 nýjum hraðhleðslutengjum. Nýjar stöðvar voru opnaðar í Hveragerði, Lambhaga, Freysnesi, á Selfossi, í Þorlákshöfn, við Landeyjarhafnarveg, á Litlatúni og í Smáralind. Með þessum viðbótum höfum við styrkt þjónustunet okkar enn frekar og aukið aðgengi að öflugri hleðslu víðsvegar um landið. Hleðslustöðvarnar okkar eru nú orðnar 19 talsins með 122 hraðhleðslutengjum.

Um 80% rafbíla á Íslandi geta nýtt sér sjálfvirkar greiðslur við hleðslu með e1 appinu en við vorum fyrsta félagið til að geta boðið viðskiptavinum þessa sjálfvirku greiðslulausn. Einnig er hægt að greiða með Orkulykli eða öllum helstu greiðslukortum, Apple Pay, Google Pay, Netgíró og Aukakrónukorti. Orkulykilhöfum býðst 12 kr. afsláttur af kWh sem einnig er hægt að nýta með e1-lyklinum í sjálfvirkri hleðslu sem einfaldar líf viðskiptavina töluvert.

Markmiðið er að bjóða upp á hraða og öfluga hleðslu, allt frá 300kW hleðslu upp í 600kW hleðslu. Eins leggjum við áherslu á fjölda hraðhleðslutengja, bæði CCS-tengi og CHAdeMO-tengi, og lágt verð á staðsetningum okkar.



Mengunarvarnir

Eitt af markmiðum okkar er að engin mengunaróhöpp eigi sér stað í starfseminni. Til þess að ná því markmiði viðhöfum við markvisst eftirlit með rekstri þjónustustöðva, framkvæmum reglulegar mælingar og skráningar og gerum skýrar kröfur til birgja og verktaka. Orkuvaktin okkar tryggir að stöðvarnar séu snyrtilegar og að viðhaldi sé sinnt kerfisbundið um allt land.

Við höfum sett okkur það markmið að vera leiðandi í umhverfismálum á orkumarkaði. Á árinu hófst innleiðing ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfis sem er mikilvægur liður í að styrkja kerfisbundna stjórnun umhverfisþátta og draga markvisst úr umhverfisáhættu. Kerfið undirstrikar skýra skuldbindingu okkar gagnvart viðskiptavinum, samfélaginu og umhverfinu.



Rúðuvökvi á dælu

Rúðuvökvi á dælu er liður í að draga úr plastnotkun og stuðla að fjölnota lausnum. Með því að dæla rúðuvökva beint á ökutæki geta viðskiptavinir keypt nákvæmlega það magn sem þörf er á og þannig komist hjá notkun einnota plastbrúsa.

Á árinu 2025 dældu viðskiptavinir 46.663 lítrum af rúðuvökva. Það jafngildir um 11.666 plastbrúsum sem ekki þurfti að framleiða, flytja og endurvinna.

Tvær nýjar rúðuvökvadælur voru teknar í notkun á Einhellu og Miklubraut og er nú mögulegt að nálgast rúðuvökva á dælu á níu staðsetningum.





Gassjálfssalar

Á árinu voru teknir í notkun þrír nýir gassjálfsalar, á Lambhagavegi, Miklubraut og annar gassjálfsali á Dalvegi. Þar með eru nú tveir gassjálfsalar á Dalvegi.

Viðskiptavinir geta því sótt gaskúta allan sólarhringinn á tíu staðsetningum, þar sem mögulegt er að skipta út tómum kútum fyrir nýja.

Boðið er upp á plastkúta, bæði 5 kg skrúfugaskúta og 10 kg smellu- og skrúfugaskúta. Greiðslulausnir eru fjölbreyttar og tekið er á móti helstu greiðslukortum sem og Apple Pay og Google Pay, sem tryggir einfalt og þægilegt aðgengi.

Fjölnota hanskinn

Í apríl var ákveðið að fjarlægja einnota plasthanska af dælum stöðvanna vegna umhverfissjónarmiða. Einnota hanskar höfðu lengi staðið viðskiptavinum til boða til að tryggja hreinlæti við dælingu en notkun þeirra hafði í för með sér verulega plastnotkun.

Með breytingunni sparast um **100.000 einnota plasthanskar** árlega.

Í staðinn er viðskiptavinum boðinn fjölnota dæluhanski sem hannaður er til endurtekinnar notkunar. Hanskinn er teygjanlegur, fáanlegur í nokkrum stærðum og bæði fyrir hægri og vinstri hönd. Viðskiptavinir geta fengið hanskann sér að kostnaðarlausu á skrifstofunni okkar og hjá samstarfsaðilum um land allt, auk þess sem boðið er upp á heimsendingu.





Rafrænir Orkulyklar

Eitt af markmiðum okkar fyrir árið 2024 var að hvetja viðskiptavini til að nýta Orkulykil í síma. Með þeirri aðgerð dró verulega úr notkun plastlykla og plastkorta á árinu og nam sparnaðurinn 71 kg af plasti.


Áfram var unnið markvisst að þessu markmiði árið 2025 og spöruðust 73 kg af plasti, sem gerir samtals 144 kg af plasti á tveimur árum.

Alls hafa yfir **35.000 Orkulyklar** verið virkjaðir í síma, sem endurspeglar góðar viðtökur viðskiptavina á stafrænum lausnum. Rafrænn Orkulykill einfaldar greiðslur fyrir orkugjafa og stuðlar að minni plastnotkun samhliða auknu notendavænu aðgengi að afsláttarkjörum.

CO_2 kvittun

Á árinu innleiddum við birtingu CO_2-losun eldsneytis á öllum greiðslukvittunum Orkunnar. Með þessari nýjung gerum við kolefnisfótspor eldsneytiskaupa sýnilegt og mælanlegt fyrir viðskiptavini. Aðgerðin styður við aukið gagnsæi og er liður í að efla loftslagsvitund í daglegum ákvörðunum. Með því að setja upplýsingarnar beint á kvittunina tengjum við saman neyslu og umhverfisáhrif með skýrum hætti og styðjum þannig við upplýst og ábyrg orkukaup.





Lífdísel

Á árinu var hafin sala á lífdísel (HVO) á Kleppsvegi sem liður í að auka framboð á umhverfisvænni orkugjöfum. Lífdísel er endurnýjanleg díselolía unnin úr lífrænum hráefnum, svo sem jurtaolíu, úrgangsfitu og dýrafitu. Unnið er úr þessum lífrænu olíum í sérútbúnum hreinsistöðvum og úr verður hrein díselolía.

Lífdísel inniheldur færri aukaefni en hefðbundinn jarðefnadísel og getur haft allt að 90% lægra kolefnisspor, allt eftir uppruna hráefna. Afköst, orkuinnihald og þéttleiki eru sambærileg við hefðbundna díselolíu og því er um raunhæfan valkost að ræða fyrir díselknúnar vélar.

Eldsneytið er merkt XTL eða HVO100 og uppfyllir gæðastaðalinn EN 15940:2016. Notkun lífdísels er möguleg á hefðbundnum díselvélum, en mælst er til þess að notendur kynni sér leiðbeiningar framleiðanda viðkomandi ökutækis.

Með þessari innleiðingu er stigið markvisst skref í átt að auknu framboði á umhverfisvænum orkugjöfum.

Árangur 2025

Sjálfbærniáherslur	Tenging við Heimsmarkmið	Mælikvarði	Markmið	Aðgerðir	Staða	Árangur á milli ára
Ekkert mengunarslys		Fjöldi mengunarslysa.	Engin mengunarslys.	Viðhalda eftirlitskerfi, þjálfun starfsmanna og vöktunaráætlunum.	Markmiði náð	Ekkert mengunarslys, enn meiri sjálfvirkni innleidd í eftirlitskerfi.
Auka flokkunarhlutfall í rekstri		Klappabókhald: Flokkunarhlutfall í umfangi 3.	Auka flokkunarhlutfall í umfangi 3.	Setja upp betri flokkunargáma.	Markmiði náð	Flokkunargámar settir upp utanhúss og innanhúss. Reglulegir fundir haldnir til þess að fara yfir mælikvarðann.
Gera viðskiptavinum mögulegt að velja farartæki sem eru með lægra kolefnisfótspor		Fjöldi hraðhleðslutengja.	Fjölga hraðhleðslustöðvum um 40%.	Fjölga um 34 tengi.	Markmiði náð	Í lok árs 2025 hafði Orkan sett upp alls 122 hraðhleðslutengi á 19 staðsetningum. Aukningin var um 40% á milli ára.
Auka aðgengi að upplýsingum um kolefnislosun farartækja.		CO_2-losun.	Gera upplýsingar um kolefnislosun aðgengilegar fyrir viðskiptavini.	Sýna CO_2-losun á greiðslukvittunum.	Markmiði náð	CO_2-losun eldsneytis er sýnd á öllum greiðslukvittunum Orkunnar.
Auka orkusparandi lýsingu		Fjöldi ljósa.	Draga úr orkunotkun með því að setja upp sparneytnari lýsingu.	Setja LED-ljós í skyggni og reikna út orkusparnað.	Markmiði náð	Sparneytnari lýsing sett upp á Eiðistorgi.
Minnka plastnotkun í samfélaginu		Plastnotkun í kg.	Minnka plastnotkun í vöru- og þjónustuframboði.	Hvetja viðskiptavini til þess að nota rafræna Orkulykla í stað plastlykla. Fjarlægja plasthanska af dælum. Auka framboð á rúðuvökva á dælum.	Markmiði náð	Rúmlega 73 kg af plasti spöruðust árið 2025 við að nota rafræna Orkulykla. Um 100.000 plasthanskar munu sparast árlega eftir að einnota plasthanskar voru fjarlægðir af dælum okkar þann 2. apríl 2025. Mögulegt er að dæla rúðuvökva á níu stöðvum Orkunnar; Birkimel, Bústaðavegi, Dalvegi, Einhellu, Hellu, Lambhagavegi, Miklubraut við Kringluna, Reykjavíkurvegi og Vesturlandsvegi sem er 60% aukning.

Næstu skref

Árið 2026 mun Orkan áfram leggja áherslu á að efla umhverfisstjórnun og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við ætlum að ljúka innleiðingu á ISO 14001 staðlinum og fá vottun fyrir umhverfisstjórnunarkerfið okkar. Við munum viðhalda góðum árangri í mengunarforvörnum og halda áfram að efla eftirlit og sjálfvirka vöktun þar sem við á. Þá verður unnið að því að bæta flokkun og nýtingu auðlinda í virðiskeðjunni, meðal annars í samstarfi við hagsmunaaðila.

Við munum halda áfram styðja við orkuskiptin með uppbyggingu og þróun innviða sem auðvelda viðskiptavinum að velja umhverfisvænni orkugjafa. Jafnframt verður horft til vistvænni lausna í daglegum rekstri, svo sem í lýsingu, aðstöðu og þjónustuframboði.



Félagsþættir

Markmið okkar er að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir hæfasta starfsfólkið hverju sinni. Mannauður félagsins er lykilforsenda árangurs og langtímaverðmætasköpunar, og við trúum því að ánægt starfsfólk sé jafnframt forsenda ánægðra viðskiptavina.

Árlega er farið í stefnumótunarvinnu þar sem allt starfsfólk á skrifstofunni tekur þátt. Unnið hefur verið með öryggis- og sjálfbærnimál sem áhersluverkefni en breytingar voru gerðar árið 2025 þegar málaflokkurinn var formlega skilgreindur sem grunnstoð fyrirtækisins og samþættur gildum þess. Fyrir okkur eru öryggis- og sjálfbærnimál órjúfanlegur hluti af grunngildum félagsins og daglegri starfsemi þess.

Við leggjum áherslu á öruggt og heilbrigt starfsumhverfi og að skapa aðstæður sem styðja við vellíðan starfsfólks, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jákvæða vinnustaðamenningu.

Með markvissri mannauðsstjórnun er leitast við að efla starfsánægju, styrkja liðsheild og stuðla að faglegri þróun. Góð þjónusta við viðskiptavini byggir á hæfu og áhugasömu starfsfólki. Þannig veitum við framúrskarandi þjónustu á snyrtilegum sjálfsafgreiðslustöðvum og viðhöldum virku samtali við viðskiptavini.

Áhersla er lögð á þátttöku í orkutengdri nýsköpun og samfélagsverkefnum sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og styðja við langtímasýn félagsins.

Í köflunum hér á eftir er farið yfir þau málefni og verkefni sem við unnum að á árinu 2025.



Viðskiptavinir

Rík áhersla er lögð á að skapa gott samtal við viðskiptavini og er endurgjöf þeirra nýtt markvisst til umbóta í þjónustu og rekstri. Þjónustusímtöl eru framkvæmd reglulega með það að markmiði að fá fram upplifun og ábendingar viðskiptavina.

Við tökum virkan þátt í viðburðum víða um land, svo sem Bíladögum á Akureyri, Orkumótinu – þar sem Orkan er mótshaldari ásamt ÍBV – og Color Run, litríkasta skemmtiskokki landsins. Markmiðið er að hitta viðskiptavini, efla tengsl og hlusta á sjónarmið þeirra.

Hraðhleðslustöðvum hefur fjölgað verulega og við höfum boðið viðskiptavinum að kynna sér búnað og virkni hleðslustöðva á völdum staðsetningum. Viðtökurnar hafa verið góðar og gefa samtölin mikilvægar upplýsingar um hvað skiptir viðskiptavini raunverulegu máli þegar kemur að þjónustu og gæðum.

Þróun stöðva í takt við þarfir viðskiptavina er stöðug og á árinu voru kynntir nýir samstarfsaðilar sem bjóða sendibíla til leigu á völdum stöðvum. Þjónustan gerir viðskiptavinum kleift að sækja og skila bifreiðum eftir þörfum og stuðlar að bættri nýtingu og aðgengi að umhverfisvænni samgöngulausnum.





Vinnustaðamenning

Starfsmannahópurinn er fámennur og orkumikill og einkennist af miklum metnaði og jákvæðni í störfum. Verkefni eru unnin af fagmennsku og áhuga þar sem lögð er áhersla á samvinnu og árangur. Skipuritið er flatt sem gerir boðleiðir stuttar og ákvarðanatöku skilvirkari.

Vinnustaðamenningin byggir á gildunum okkar – við erum orkumikil, snjöll og næs. Allt starfsfólk tók þátt í mótun gildanna sem tryggir sameiginlegan skilning og sterka tengingu við þau.

Starfsfólki þarf að líða vel og upplifa öryggi í starfi. Virk velferðarstefna er til staðar og boðið er upp á sveigjanleika í starfi til að styðja við líkamlega og andlega heilsu.

Starfsþróun er mikilvægur þáttur í sjálfbærri mannauðsstjórnun og er starfsfólk hvatt til að sækja sér fræðslu hjá Akademias og öðrum viðurkenndum fræðsluaðilum. Mannauðsmál eru í stöðugri þróun í takt við breyttar kröfur og væntingar samfélagsins.

Viðburðadagatal Orkunnar er öflugt þar sem lagt er upp með að hafa gaman saman og efla samheldni með viðburðum innanhúss og utan. Innri markaðssetning er sterk og er vörumerkið fléttað inn í allt efni sem er framleitt. Starfsfólk tekur virkan þátt í að móta viðburðadagatalið og skapar þannig menninguna saman.

Við störfum eftir mannauðs- og jafnréttisstefnu og leggur félagið áherslu á verkefni á borð við Jafnlaunavottun og Jafnvægisvogina.

Við stöndum vörð um vellíðan, þekkingu og jafnrétti starfsfólks, þar sem allir njóta jafnræðis og tækifæra til starfsþróunar á eigin forsendum.



64 starfsfólk



59 stöðugildi




37 meðalaldur

Þjóðerni starfsmanna:



Viðurkenningar



Íslenska ánægjuvogin

Íslenska ánægjuvogin verðlaunar þau fyrirtæki sem skara fram úr í ánægju viðskiptavina á sínum markaði. Við höldum áfram að hækka og höldum 2. sæti í Íslensku ánægjuvoginni á eldsneytis- og hraðhleðslumarkaði. Munurinn á milli fyrsta og annars sætis hefur aldrei verið minni.

Það er okkur hjartans mál að hlusta á og bregðast við þeim ábendingum sem berast og við leggjum okkur fram við að bjóða bestu þjónustuupplifunina á sjálfsafgreiðslustöðvunum á hverjum degi.

Fyrirtæki ársins

Viðurkenningar úr stærstu vinnumarkaðskönnun landsins, könnun VR um Fyrirtæki ársins, voru veittar í maí og hlutu Orkuboltarnir okkar viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.

Við hlutum jafnframt Fræðsluviðurkenningu VR 2025 sem einungis er veitt einu fyrirtæki í hverjum flokki. Að auki vorum við valin **Fyrirtæki ársins 2025** en sú viðurkenning er einungis veitt því fyrirtæki sem skorar hæst í sínum flokki.

Þessar viðurkenningar veita okkur staðfestingu á þeirri vegferð sem við höfum unnið að með öllum okkar Orkuboltum. Okkar markmið er að skapa jákvætt, traust og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem allir hafa rödd og taka þátt í að móta starfsumhverfið.

Við erum þakklát fyrir alla Orkuboltana sem taka þátt og leggja sitt af mörkum alla daga við að skapa orkumikla og skemmtilega vinnustaðamenningu.



Mood up!

Snemma árs 2025 fengum við viðurkenningu fyrir að vera Vinnustaður í fremstu röð 2024 frá Mood up!

Moodup framkvæmir mannauðsmælingar sem mæla starfsánægju og eflir þannig bæði stjórnendur og starfsumhverfið auk þess að bæta frammistöðu starfsfólks. Til að hljóta þessa viðurkenningu þurfa fyrirtæki að uppfylla þrjú skilyrði:

1. **Mæla starfsánægju að minnsta kosti einu sinni á ársfjórðungi**
2. **Bregðast við endurgjöf frá starfsfólki**
3. **Ná árangursviðmiði um starfsánægju samanborið við aðra íslenska vinnustaði**

Moodup notar mælaborð sem auðveldar stjórnendum að skilja og bæta starfsánægju út frá nýjustu upplýsingum.

Orkuboltar svara púlsmælingum mánaðarlega þar sem meðal annars er textaspurning sem gefur færi á endurgjöf og stjórnendur geta síðan brugðist við í stjórnborðinu. Nafnleynd er tryggð í könnunum, sem skapar öruggan vettvang til að tjá sig um starfsumhverfi og stjórnun. Niðurstöður eru nýttar til að efla samtal og styðja við markvissar umbætur.



Great Place to Work

Orkuboltarnir okkar hlutu á árinu vottun frá Great Place to Work og 1. sæti á listanum yfir Frábæra vinnustaði á Íslandi. Vottunin er mælikvarði á starfsánægju starfsmanna í Evrópu. Great Place to Work er alþjóðleg stofnun sem kannar starfsánægju og gefur fyrirtækjum í leiðinni viðurkenningu fyrir frábæra vinnustaðamenningu. Vottunin byggir á svörum starfsfólks um upplifun og ánægju þeirra af vinnustaðnum.

Einnig hlutum við viðurkenninguna Great Place to Work for Women sem undirstrikar áherslu á jafnrétti og jákvætt starfsumhverfi.



Jafnvægisvog FKA

Við hlutum viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fjórða árið í röð. Viðurkenningin er veitt fyrirtækjum sem sýna fram á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar.

Það er okkur mikið fagnaðarefni og endurspeglar markvissa áherslu félagsins á jafnrétti og fjölbreytni í stjórnun.

Jafnvægisvog FKA er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu og er tilgangur þess að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfall á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnum fyrirtækja á Íslandi.

Áfram munum við nýta orkuna í góðu málin. **Jafnrétti er ákvörðun!**



Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Við hlutum viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2025 annað árið í röð.

Viðskiptablaðið og Keldan veita viðurkenninguna árlega þeim fyrirtækjum sem uppfylla ströng skilyrði um afkomu, rekstrarlegan stöðugleika og eiginfjárstöðu. Aðeins hluti fyrirtækja á Íslandi uppfyllir þessi viðmið.

Heilbrigði og vellíðan

Áhersla er lögð á að starfsfólki líði vel í jákvæðu og faglegu starfsumhverfi þar sem jafnræði og virðing eru höfð að leiðarljósi. Allir njóta sömu tækifæra hjá Orkunni. Við höfum sett okkur mannauðs- og jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu og velferðarstefnu sem mynda ramma utan um mannauðsstjórnun félagsins.

